



# Listin að skrifa

Greinagerð með frásagnabók eftir unga listamenn

Hanna Lára Pálsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild / grunnskólakennaradeild



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



## **Listin að skrifa**

### ***Greinagerð með frásagnabók eftir unga listamenn***

Hanna Lára Pálsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Þórður Helgason

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

## Listin að skrifa

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs  
í grunnskólakennarafræði við Kennaradeild,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Hanna Lára Pálsdóttir 2014

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala menntavísindasviðs  
Reykjavík, 2014

## Ágrip

Verkefnið er greinagerð samsíða sögubók sem tekin var saman úr frásagnatextum eftir grunnskólanemendur á unglíngastigi. Greinagerðin fjallar í megindráttum um mat á ritunarkennslu, hvort að ábótavant sé á henni eins og hefur verið til umfjöllunar undanfarið og hvernig ritun þróast í gegnum grunnskólagönguna. Verkefnið er 10 ETCS einingaverkefni til B.Ed prófs í grunnskólakennarafræðum á menntavísindasviði Háskóla Íslands vorið 2014.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip .....</b>	<b>3</b>
<b>Formáli .....</b>	<b>5</b>
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>6</b>
<b>2 Tengsl ritunar við grunnþætti menntunar .....</b>	<b>7</b>
2.1 Sköpun	7
2.2 Læsi	8
<b>3 Um ritlist.....</b>	<b>9</b>
3.1 Áunnin eða sjálfsprottinn hæfileiki	9
<b>4 Ritun í námi .....</b>	<b>11</b>
4.1 Viðtal	11
4.2 Um þróun ritunar hjá grunnskólabörnum	12
4.3 Mat á ritunarkennslu	13
4.4 Kostir þess að vinna með ritlist í skólastarfi	13
<b>5 Ung-list .....</b>	<b>15</b>
5.1 Framkvæmd	15
5.2 Gögn	15
5.3 Markmið	16
5.4 Umræða	16
<b>6 Lokaorð.....</b>	<b>17</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>18</b>

## Formáli

Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar ég var á vettvangi í grunnskóla í Reykjavík. Þar höfðu nemendur verið að vinna ritunarverkefni í tengslum við mynd og þótti mér það sniðugt viðfangsefni. Ég ákvað því að leggja fyrir svipað verkefni og taka saman frásagnabók eftir grunnskólanemendur í kjölfar þess.

Ég vil þakka Hönnu Hannesdóttur, Baldri Jóhannssyni, Baldri Þór Harðarsyni og Lilju Guðmundsdóttur fyrir allan stuðningin sem að þau hafa veitt mér meðan á verkefnavinnunni stóð, Dögg Halldórsdóttur og Þurý Önnu Róbertsdóttur fyrir prófarkalestur og að lokum langar mig til þess að þakka Þórði Helgasyni fyrir góða leiðsögn og þolinmæði.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, \_\_\_\_ . \_\_\_\_\_ 20\_\_

---

## 1 Inngangur

Listræn eða skapandi skrif (*creative writing*) hafa verið kennd síðan á fjórða áratuginum og hófst greinin við Iowaháskólan í Bandaríkjunum. Kennslan hefur notið mikilla vinsælda og er nú í dag stunduð víða um heim. Hér á landi hófst kennsla í slíkum skrifum við Háskóla Íslands árið 1987. Njörður P. Njarðvík, prófessor í íslensku lagði til að orðið ritlist yrði notað í stað skapandi skrifa um námsgreinina með þeim rökum að sá eða sú sem skrifaði væri skapandi ekki skrifað sjálf (Rúnar Helgi Vignisson, 2014). Í framhaldinu mun ég því notast við orðið ritlist í stað skapandi skrifa.

Umræður um ritun í grunnskólum hafa ekki verið upp á marga fiska. En Íslenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið á viðfangsefninu sýna fram á að framfarir í ritun mismunandi textategunda séu nokkuð hægar hjá börnum á mið- og unglingastigi. Miðað við samanburðarlönd stöndum við verr að vígi hvað nám í ritun varðar (Rúnar Helgi Vignisson, 2011). Því er hægt að spyrja sig hvort að kennsla í ritun sé af skornum skammti eða áhugi nemenda á ritun sé hreinlega ekki til staðar og hvernig hægt sé að bæta úr því. Í þessari greinagerð mun ég fást við að svara ofangreindum spurningum.

Auk þess mun ég fjalla um skapandi skrif, tengsl þeirra við aðalnámskrá, þróun og mat á ritun hjá grunnskólanemum, rannsóknir á þáttum er við koma viðfangsefninu. Ég mun gera grein fyrir sögubókinni sem nemendur unnu og hef ég kosið að skýra hana Unglist. Nafnið finnst mér eiga vel við þar sem ritun er listrænt ferli og sögurnar eru skapaðar af unga fólkinu okkar.



## 2 Tengsl ritunar við grunnþætti menntunar

Grunnþættir menntunar eru *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, heilbrigði og velferð*. Þessum þáttum er ætlað að vinna saman til þess að stuðla að jafnrétti og lýðræði innan skólasamfélagsins, en einnig til að verða samfélaginu út um heilbrigða og vel menntaða einstaklinga (Stefán Jökulsson, 2012). Hér að neðan verða tveir þættir sérstaklega teknir fyrir og rætt um ritun sem undirstöðu sköpunar og læsis.

### 2.1 Sköpun

Sköpun snýst um svo margt en í meginatriðum fjallar hún um frumleika, það er að segja að búa til eitthvað nýtt. Að skrifa sögu, semja ljóð, teikna, leika, smíða og sauma eru meðal annars þættir sem að myndu falla undir sköpun.

Sköpunarverk þarf líka að hafa þýðingu fyrir okkur sjálf og nánasta umhverfi, svo sem vini og fjölskyldu (Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarsson, 2012, bls 18). Samkvæmt sköpunarþætti aðalnámskrár þurfum við skapandi hugsun til þess að verða heilsteyptir einstaklingar. Við þurfum á menningu og listum að halda til þess að skilja hvort annað betur og átta okkur á sjálfum okkur. Það er því mjög mikilvægt að hafa sköpunarhæfni til þess að geta verið virkur einstaklingur í samfélaginu. Guðmundur B. Kristmundsson (2011) talar um mikilvægi þess að vera ritfær í samfélagi þar sem þess konar kunnáttu er krafist:

Færni í ritun þýðir vald. Sá sem er góður að skrifa á betra með að taka þátt í samfélaginu en sá sem ekki getur eða treystir sér ekki til að skrifa. Sá sem skrifar getur tekið þátt í hvers kyns umræðu og lagt sín lóð á vogarskálar menningar, stjórn mála o.fl. Valdið var í upphafi og er enn hjá þeim sem var ritfær.

Aðalnámskrá kveður á um að nemendur eigi, við lok 4. bekkjar að vera færir um að skapa texta svo sem frásögn, sögu og ljóð og nýta til þess þekkingu á uppbyggingu texta, samanber inngang, meginmál og endi. Við lok 10. bekkjar er nemendum ætlað að geta fært skriflega rök fyrir hugmyndum sínum, skoðunum og notað ríkulegt tungutak við textasköpun.

## 2.2 Læsi

Hugtakið læsi er mjög víðtækt en vísar í grunninn til lesturs, lesskilnings og ritunar. Samkvæmt Aðalnámskrá (2011) snýst læsi fyrst og fremst um sköpun merkingar og ræðst merkingasköpunin bæði af aðstæðubundnum þáttum og reynslu lesanda. Hún greinir einnig frá því að kunnáttumenn um læsi hafa bent á nokkur mikilvæg atriði varðandi hugtakið, það er að það feli í sér „samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og sé því félagslegt í eðli sínu”. Þar að auki að læsi sé háð hefð, krefjist skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils til að geta komið ritsmíðinni á framfæri (bls. 18). Lestur og ritun eru því mikilvægir þættir í öllu námi og gera okkur færari í gagnrýnni hugsun og tjáningu. Aðalnámskrá (2011) bendir einnig á eftirfarandi: „Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.” (bls. 18 - 19). Merkingasköpun er fyrst og fremst persónuleg og háð reynslu lesanda. Lestur og ritun eru því mikilvægir þættir í öllu námi og gera okkur færari í gagnrýnni hugsun og tjáningu. Lestur og ritun tengjast að því leiti að þeir sem gott vald hafa á rituðu máli geta miðlað til annarra og eru þar að auki líklegir til þess að meta verk þeirra (Aðalnámskrá 2013, bls. 99).

### 3 Um ritlist

Ritlist má í megindráttum lýsa sem hæfni til að geta skapað texta án þess endilega að styðjast við heimildir og rök. Rúnar Helgi Vignisson (2014) fjallar um hana á eftirfarandi hátt í grein sem birtist í riti móðurmálakennara, *Skímu*:

Sá sem skrifar ferðast gjarnan um í þoku svolitla stund en ef vel tekst til greiðist úr henni svo sér til lands. Stundum er það framandi land sem höfundurinn hafði ekki ætlað til og allt eins líklegt að hann hafi ekki vitað að það byggi innra með honum. Á leiðinni reynir á athyglisgáfu og minni og heilasellurnar neyðast til að tengja ólík atriði.

Með þessu á hann við að ritun sé í raun fágúð hugsun og því dýrmætt verkfæri í samfélaginu öllu. Hún felur einnig í sér sköpun og tjáningu og nýtist því vel til að temja sér gagnrýna hugsun.

Guðmundur Sæmundsson (e.d.) bendir á fjögur atriði sem eru sérstaklega mikilvæg í ritlist. Fyrst og fremst verða löngun eða þörf að vera til staðar. Löngunin eða þörfin á að skrifa geta snúist um að fullnægja innri þörf, gera öðrum gott, fá útrás fyrir tilfinningar eða annað sem veitir innblástur. Í öðru lagi verður sá eða sú sem hugar að því að skrifa að hafa efni til að ganga út frá, hvort sem það er boðskapur eða miðlun á tjáningu tífninga. Í þriðja lagi er miðlara ætlað að lesa um ritun, stílbrögð, bragfræði, bókmenntahugtök og fleira þess háttar, enda mikilvægt að þekkja undirstöðuatriðin í því sem unnið er með. Í fjórða lagi er lestur bókmennta mikilvægur, meðal annars til þess að komast í kynni við ýmsar gerðir texta og er fjölbreytileiki á lesefni því æskilegur. Höfundur og bókmenntaunnandi eru þannig tengdir í gegnum lestur bóka enda verður enginn texti með viti ortur eftir höfund sem ekki hefur lesið bókmenntir.

#### 3.1 Áunnin eða sjálfsprottinn hæfileiki

Ritun er flókið ferli og er geta barna til sögugerðar við upphaf skólagöngu takmörkuð en með auknum mál- og vitsmunaproska, aukinni getu í umskráningu og stigvaxandi þekkingu á textategundum ná þau innan skamms tókum á færninni Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2012). Kennsla í ritlist á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna og hefur frá upphafi verið umdeild. Sumir telja hana óþarfa og tilgangslausa enda sé sá hæfileiki meðfæddur eða sjálfsprottinn. Andrew Motion, prófessor í skapandi skrifum í Norwich í Bretlandi, sem var fyrsti skólinn þar í landi til þess að innleiða listgreinina, segir að þegar nám í ritlist hófst fyrst við háskólann mætti námið

mikilli andstöðu þar í landi. Fólk hélt því fram að skáldskapur væri fólgin í flæði sem yrði til af sjálfu sér og tilgangslaust að leggja rækt við kennslu hans, einnig töldu þeir að það eina sem rithöfundur þarfnaðist væri ró og næði á kaffihúsi til þess að koma sér að verki (Fríða Björk Ingvarsdóttir, 2001). Aðrir telja mikilvægi kennslu í listgreininni gífulega enda fylgja gildi góðrar sögu nokkur grundvallaratriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga og enginn getur öðlast án þess að fá fræðilega leiðsögn um uppbyggingu á skáldverki og frágangi verka.

Nýrri rannsóknir hafa sýnt að engin fylgni virðist vera á milli árangurs og erfða heldur verði hæfileikar ræktaðir með markvissri þjálfun. Af þeirri ástæðu er eðlilegt að kennsla í ritlist fari fram. Meðal annars til þess að kenna hvernig ganga megi frá samtölum, aðferðir til að miðla efninu og að fólk læri af verkum annarra. Að því leiti er mikilvægt að þeir sem ætla að leggja fyrir sig ritlist lesi aðrar bókmenntir og skoði mismunandi textategundir (Rúnar Helgi Vignisson, 2014).

## 4 Ritun í námi

Þegar ég hugsa til baka um námið sem grunnskólanemandi var ritunarkennslan að mínu mati frekar einhæf. Jú, við fengum stöku sinnum að semja sögur og ljóð en það var þó af skornum skammti. Reyndar man ég ekki eftir að hafa þurft að túlka yfirhöfuð. Trúlega eru fleiri á þeirri skoðun að ritunarkennsla í grunnskólum landsins sé ófullnægjandi. Edda Kjartansdóttir (2011) skrifaði grein um upplifun sína af ritunarkennslu sem grunn- og framhaldsskólanemandi, háskólastúdent og kennari á grunnskólastigi. Hún var óánægð með þá kennslu sem hún hafði fengið en kennslan sneri aðallega að formi textans, ekki eins mikið var rætt um innihald hans. Markmið Eddu var að nota aðrar aðferðir í sinni kennslu til þess að bæta ritunarkennsluna, en þegar allt kom til alls sá hún sjálfa sig feta í fótspor kennara sinna. Tilgangur greinarinnar var því að vekja kennara til umhugsunnar um þekkingu sína og færni á ritunarkennslu og því hvað betur megji fara. Hún bendir einnig á að kennarar hafi í gegnum tíðina hreinlega gert ráð fyrir því að skapandi notkun ritmálsins væri sjálflærð og að nemendur þyrftu ekki leiðsögn varðandi slíkt.

### 4.1 Viðtal

Viðtal við núverandi íslenskukennara á unglíngastigi í Sandgerði um reynslu hennar og skoðanir á ritunarkennslu og viðhorf nemenda til ritunar.



#### **Hafa börnin í Sandgerði gaman af ritlist?**

Já, það er hvað á maður að segja, gæðastund að fá að skrifa. Til dæmis ef það er eitthvað merkilegt í fréttum eða einhver bók sem að þau hafa verið að lesa, að þau fái að skrifa frjálst um eitthvað sem að tengist viðkomandi efni.

#### **Hvað skrifa þau helst um?**

Það er helst að þau skrifi um sjálfa sig og atburðarás í kringum sjálfa sig, unglíngaást eða heimilisaðstæður eða eitthvað svolíðis.

#### **Hver er kosturinn við að þau skrifi frásagnartexta?**

Kosturinn við að fá frásagnartextann er að maður kynnist þeim mun betur, þau eru oft tilbúin til þess að segja manni frá ákveðnum atriðum sem að eru að gerast í þeirra lífi og ef eitthvað er að koma upp á, til dæmis ef að einhver er að deyja í

fjölskyldunni þá er rosalega gott að leyfa þeim að skrifa og segja frá.

### **Hvernig er viðhorf nemenda þinna til ritunar?**

Það er bara ágætt sko, það eru alltaf sumum sem finnst þetta erfitt og það heyrir maður hjá þeim, en svona almennt finnst þeim bara gott að geta fengið að skrifa og það er svo gaman að sjá hvað þau sjá út úr hlutunum, eins og til dæmis myndum sem þau skrifa um. Ef að viðfangsefnið er nógu fjölbreytt þá finnst þeim þetta skemmtilegt.

### **Hvernig er viðhorf þitt til ritunar?**

Ég hef rosalega gaman af ritun og mér finnst það skipta máli að þau skili þessu snyrtilegu og passi svólítið upp á textana sína, ég hef sjálf farið á námskeið hjá Þorgrími Þráinssyni, skapandi skrif og ég skrifa svólítið mikið sjálf, þannig að mér finnst þetta bara mjög áhugavert og mér finnst líka alltaf gaman að sjá hvað maður getur látið þau vaxa í þessu.

## **4.2 Um þróun ritunar hjá grunnskólabörnum**

Þegar gæði texta eru metin er horft til lengdar textans og byggingu hans. Gæði textans er ekki endilega háð lengd hans en ef að textinn er hæfilega langur er hann oft innihaldsríkari. Börn sem skrifa stutta texta sýna oft fram á að þau ráði ekki við að setja saman flókinn samloðandi texta. Ólíkar textategundir eru byggðar upp eftir ákveðnum reglum og með hækkandi aldri ná börn tökum á mismunandi textagerðum. Niðurstöður úr rannsókn frá 2012 á ritun hjá íslenskum börnum benda til þess að fyrstu textagerðir sem þau ná tökum á séu frásagnir, þó svo að bygging þeirra, lengd og samloðun séu af skornum skammti. Skýringarnar gætu verið þær að frásagnir eru tiltölulega einfaldar að formgerð eða að börn hafi meiri reynslu af frásögnum en öðrum textagerðum. Færni í


### **Telur þú ritunarkennslu almennt fullnægjandi?**

Ég veit það ekki. Ég tel að þetta sé ákveðin tækni og þegar þú ert búin/n að ná henni þá ertu fær í flestan sjó. Ég held líka að það sé örugglega þannig að það er ekki öllum kennurum gefið að kenna ritun, ég held að það skipti líka máli að þú hafir þetta svólítið í þér allaveganna þetta að setjast niður með þeim og benda þeim á hvað má betur fara.

### **Hvað gerir þú til að auka áhuga nemenda þinna á ritun?**

Þá hef ég leyft þeim að velja verkefni, til dæmis lesa fyrir þau, lesa góðar smásögur og greinar og svo að leyfa þeim að hafa stundum val um verkefni, það ýtir líka undir áhugann.

ritun mismunandi textategunda þróast svo í gegnum skólagöngu og á unglings- eða fullorðinsárum ætti fullri færni í ritun samfellds texta að vera náð (Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2012). Hér að neðan má sjá dæmu um frásögn nemanda á yngsta stigi grunnskóla.



Mynd 1. Frásagnartexti eftir 8 ára dreng í grunnskóla í Reykjanesbæ.

#### 4.3 Mat á ritunarkennslu

Mat á ritunarkennslu var framkvæmt árið 2012 á vegum Mennta- og menningamálaráðuneytissins. Markmiðin með matinu voru meðal annars að skoða kennslu og námskröfur í ritun í íslenskukennslu grunnskóla með tilliti til aðalnámskrár, það er að segja nemendum er kennt að bæta hæfni til að tjá hugsanir sínar á rituðu máli á fjölbreyttan hátt. Ekki síst hvernig námi kennaranema við Háskólann á Akureyri og menntavísindasvið Háskóla Íslands er háttað hvað ritun varðar. Niðurstöður sýndu að viðhorf bæði kennara og nemenda í garð ritunar sé almennt jákvætt. Samkvæmt aðalnámskrá (2007) samrýmist ritun í skólastarfi flestum markmiðum og að starfið sé almennt til fyrirmyndar, þó hafi ekki verið lögð áhersla á að nemendum sé gefið færi á að birta greinaskrif sín og má þess geta að því hefur enn ekki verið bætt inn. Niðurstöðurnar sýndu einnig að of lítil áhersla væri lögð á ritlist og kennslan ekki nógu markviss. Kennarar telja sig að mestu leyti færa um að kenna ritun og leggja í það mikinn metnað, en segja það þó vandmeðfarið að kenna til að mynda sköpunarþáttinn (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Guðrún Valsdóttir, 2012).

#### 4.4 Kostir þess að vinna með ritlist í skólastarfi

Ýmislegt mælir með því að nemendur vinni með skapandi verkefni í skólastarfi. Sverrir Árnason, framhaldsskólakennari við Fjölbrotaskólann í Mosfellsbæ telur kosti þess að vinna með ritun sem listgrein hjálpa nemendum að hugsa sjálfstætt eða „matreiða efnið”

eins og hann segir í grein sinni. Einnig eflir hún frumlega hugsun og nemendur þróa með sér persónulegan stíl. Hún hefur uppbyggjandi áhrif á sjálfstraust nemenda sem hafa átt erfitt með hefðbundin skrif. Nemendur þurfa að ákveða í hvaða persónu sagan á að vera, það er að segja í 1. persónu eða 3. persónu, persónusköpunin er einnig í þeirra höndum og hönnun á umhverfinu og að lokum þurfa nemendur að spyrja sig að því hvernig þeir geti gert sögu sína áhugaverða. Sverrir (2011) notast mikið við skapandi nálgun í kennslu sinni þar sem nemendum er ætlað að teikna myndir út frá völdum ljóðum til þess að greina myndmál þeirra. Einnig að skrifa hjartnæmar en á sama tíma upplýsingaríkar minningargreinar um valin skáld, túlka ljóð með því að semja um þau örsögur og önnur skemmtileg og spennandi viðfangsefni.

Skapandi skrif hjálpa nemendum einnig að þjálfa með sér orðfimi og nákvæmni sem hefur áhrif á fræðilegan ritunarhátt. Fræðileg ritun hjálpar nemendum svo að ná tókum á formgerð, að skipta efninu niður í efnisgreinar og fleira sem að þjálfafræðilega ritun. Þannig má segja að skapandi og fræðileg skrif hafi gagnkvæm áhrif og geri nemendur að betri höfundum (Means og Lindner, 1998). Aðalnámsskrá grunnskóla leggur áherslu á að nemendur eigi, við lok 10. bekkjar að vera færir um meðal annars eftirfarandi þætti: að geta mótað efnisgreinar og málsgreinar, að geta sett efnisatriði í röklegt samhengi, geta beitt skapandi ritun og að skrifað mismunandi textagerðir eftir því sem við á (Aðalnámsskrá grunnskóla, 2013).



## 5 Ung-list

Í tilefni þess að umræður hafa verið af skornum skammti á ritunarkennslu hér á landi og takmarkað sé til af rannsóknum þar á, ákvað ég að leggja fyrir ritunarverkefni og kanna með því áhuga barna á elsta stigi grunnskóla á ritun og færni þeirra í textagerð. Ung-list er bók sem inniheldur tuttuugu frásagnasögur eftir börn á aldrinum 13 – 15 ára. Börnin stunda nám við þrjá grunnskóla á suðurvesturhorni landsins, einn skólanna er í Reykjavík en hinir tveir í Reykjanesbæ.

### 5.1 Framkvæmd

Ég byrjaði á því að útskýra verkefnið fyrir nemendum. Ég sagði þeim að ég væri að ljúka grunnnámi í íslenskukennaranum og hefði valið að fara þá leið að setja saman bók með sögum eftir grunnskólanemendur og að þar þyrfti ég á þeirra aðstoð að halda. Ég benti þeim einnig á að þetta væri einstaklingsverkefni og útskýrði fyrir þeim hvað það væri sem ég vildi fá fram í sögunum meðal annars lengd og benti þeim á að notkun lýsingarorða gæti haft grípandi áhrif á lesandann.

Að þessu loknu áttu nemendur að velja sér mynd og fengu í framhaldinu heila kennslustund til þess að skrifa sögu í samræmi við myndina, það er að segja eins og myndin hefði verið teiknuð út frá sögunni. Ef að þeir náðu ekki að klára var í boði að vinna verkefnið heima og skila næsta dag eða senda á tölvupóstfangið mitt.

### 5.2 Gögn

Notast var við 14 fríhendisteikningar sem allar tengjast tilfinningum á einhvern hátt. Ég útbjó einnig dreifiblöð með einföldum ritunarleiðbeiningum og notaðist við bókina *Beinagrindur, handbók um ritun* eftir Sue Palmer mér til stuðnings við gerð þeirra. Nemendur notuðust svo við A4 blöð og áttu að skrifa að minnsta kosti blaðsíðu af texta og í hverja línu. Að sjálfsögðu þurftu nemendur skriffæri, án þeirra yrði lítið vit í blöðunum. Nemendum í skóla á höfuðborgarsvæðinu gafst færi á að notast við ípad og setti ég ekki út á það, þeir þyrftu þá að skrifa að minnsta kosti 350 orða sögu sem að jafngildir einni blaðsíðu í word. Þeir sendu mér þá verkefnið í tölvupósti.

### 5.3 Markmið

Meginmarkmiðið með verkefninu eru í samræmi við aðalnámskrá og eftirfarandi:

- að fá nemendur til þess að hugsa á gagnrýnin hátt um myndina sem þeir völdu sér, draga ályktanir um hana og túlka á sinn eigin hátt. Varðandi hæfniviðmið í aðalnámskrá (2013) hvað varðar skapandi og gagnrýna hugsun segir einmitt að nemendur eigi við lok 10. bekkjar að geta „tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu” (bls. 88).
- að nemendur myndu beita ríkulegu tungutaki sem er í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár (2013), það er að segja að nemendur eigi að geta beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi (bls. 103).

### 5.4 Umræða

Nemendur voru almennt ekki neikvæðir gagnvart verkefninu og margir þeirra sýndu því mikinn áhuga, enda fékk ég aragrúa af skemmtilegum útfærslum af sögum, allt frá því að vera skondnar til þess að vera grafalvarlegar.

Verkefnið þróaðist heilmikið á meðan innlagnirnar áttu sér stað og aðalega af því að leiðbeiningarnar mínar voru ekki nógu nákvæmar. Til að mynda átti verkefnið upphaflega að vera smásagnaverkefni, en margar af sögunum sem ég fékk í hendurnar eru þó frekar á frásagnarformi sem tengist einmitt því sem rætt hefur verið um hér að ofan. Ég ákvað því í kjölfarið að hafa valið frjálst, nemendum var sem sagt heimilt að skrifa texta í samræmi við myndina á smásagna- eða frásagnaformi. Sumar frásagnirnar voru afskaplega flottar en samhengi og fljótfærni gerðu það að verkum að þær eru ekki nothæfar. Sögurnar voru flestar um ein blaðsíða. Bygging og samloðun á textanum og efnisgreinum var yfirleitt mjög flott, það er að segja það vantaði ekki upp á þann þátt. Að þessu leiti má ætla að sá hluti hafi jákvæð þróun. Það er einmitt ástæðan fyrir því að ég útbjó ritunarleiðbeiningar og ítrekaði fyrir nemendum að lesa sögurnar vandlega yfir áður en þeim yrði skilað. Þetta virkaði vel og mun færri fljótfærnisvillur var að finna í sögunum sem urðu í kjölfar næstu innlagnar. Á heildina litið er ég mjög sátt við afraksturinn enda hæfileikaríkir og duglegir krakkar sem tóku þátt í verkefninu.

## 6 Lokaorð

Ritunarkennsla er stór þáttur í íslensku menntakerfi, reyndar í samfélaginu sjálfu eins og það leggur sig. Ég tel því mikilvægi þess að framkvæma rannsóknir á henni miklar sérstaklega þar sem svo margt bendir til þess að við sitjum á hakanum miðað við samanburðarþjóðir. Auk þess hafa fáar rannsóknir verið gerðar á þessu sviði hér á landi. Ófullnægjandi kennsla gæti verið breyta sem þyrfti að endurskoða og bæta galla á henni ef þeir eru til staðar.

Ritunarhæfni virðist vera einskonar samblanda af innri hvöt, þekkingu á viðfangsefninu og undirstöðureglum um gerð ritsmíðar. Það er að segja að hún sé að einhverju leiti sjálfsprottin en að hægt sé að leggja rækt við hana með markvissri þjálfun í ritun. Hver og einn þróar svo með sér sinn persónulega stíl. Að þessu leiti er tilvalið að leggja fyrir nemendur að vinna skapandi með viðfangsefni til þess að virkja skapandi hugsunarhátt. Enn fremur tel ég mikilvægt að gefa verkefnavinnu af þessu tagi tilgang í augum nemenda, meðal annars með því að gefa út sögur þeirra og ljóð. Stollt nemenda eykur sjálfstraust og gerir námið innihaldsríkt og spennandi.

Eins og kom fram telja margir kennarar það vand með farið að kenna sköpunarþátt ritunar og má því benda á að Klifið stendur fyrir námskeiði fyrir kennara sem vilja beita skapandi skrifum og ritun í kennslu sinni. Námskeiðinu er ætlað að auka trú kennara á eigin sköpunargáfu og gefa þeim aukið svigrúm til þess að prófa nýjar aðferðir. Námskeiðið hefur fengið jákvæð ummæli á vefsíðu sinni og eindregið er mælt með að kennarar notfæri sér tækifærið og sækji námskeiðið (Klifið, e.d.).

Frásagnaritunin er að mínu mati gott viðfangsefni til þess að stunda rannsóknir á. Meðal annars vegna þess hversu stóru hlutverki hún gegnir í lífi barna og unglinga. Einnig hversu mikið hún fær nemendur til að opna sig, tjá hugmyndir sínar og líðan skriflega. Enda er frásagnaritunin sú aðferð sem börn hafa fengist við frá fyrstu tilraun til sögugerðar.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 - greinasvið 2013. (2013)* Reykjavík: Mennta- og menningamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla – greinasvið 2007.* Reykjavík: Mennta- og menningamálaráðuneytið.
- Bylgja Baldursdóttir. (2014). Viðtal höfundar við Bylgju Baldursdóttur kennara við grunnskólan í Sandgerði.
- Davíð Stefánsson. (2010). Að greina til að skilja og skapa. *Skíma*. 33(2).
- Edda Kjartansdóttir. (2011). Að kenna ritun – en þó ekki. *Skíma*. 34(1).
- Fríða Björk Ingvarsdóttir. (2001). Skapandi skrif í aldarfjórðung. *Morgunblaðið*. Vefslóð: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/596486/>. [Sótt 1. 5. 2014.]
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2011) Ritun og vald, eggid og hænán. *Skíma* 1(34).
- Guðmundur Sæmundsson. (e.d.). Skapandi skrif. *Rithringur.is*. Vefslóð: <http://www.rithringur.is/articles.asp?action=lookup&article=23>. [Sótt 1. 5. 2014.]
- Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarsson. 2012. *Ritröð um grunnþætti menntunar; Sköpun*. Ísafoldaprentsmiðja, Reykjavík.
- Klifið. (e.d.). Skapandi skrif. *Klifið, skapandi fræðslusetur*. Vefslóð: [http://klifid.is/index.php?option=com\\_zoo&task=item&item\\_id=220&category\\_id=8&Itemid=89](http://klifid.is/index.php?option=com_zoo&task=item&item_id=220&category_id=8&Itemid=89). [Sótt 1. 5. 2014.]
- Means, B. og Lindner, L. (1998). *Teaching writing in middle school; tips, tricks and techniques*. Teacher ideaspress, Colorado.
- Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2012). Textaritun byrjenda. Frásagnir og upplýsingatextar barna í 1. bekk grunnskóla. *Ráðstefnurit Netlu*.
- Rúnar Helgi Vignisson. (2011). Gagnsemi ritlistar. *Skíma*, 34(1).
- Rúnar Helgi Vignisson. (2014). Ritlist eða skapandi skrif. *Hugrás, vefrit Hugvísindasviðs*. Vefslóð: <http://www.hugras.is/2014/02/ritlist-eda-skapandi-skrif/> [Sótt 1. 5. 2014].
- Stefán Jökulsson. (2012). *Ritröð um grunnþætti menntunar; Læsi*. Ísafoldaprentsmiðja, Reykjavík.
- Svanhildur Kr. Sverrisdóttir og Guðrún Valsdóttir. (2012). *Úttækt á ritunarkennslu í 12*

*grunnskólum*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.  
Sverrir Árnason. (2011). Drekkhalasúpa. *Skíma*. 34(1).